



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

### **Ákvörðun nr. 18/2010 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7)**

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur með vísan til 17. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, ásamt síðari breytingum, greint heildsölumarkað fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7). Með bréfi, dags. 5. október 2009, voru drög að greiningu á markaði 7 send til fjarskiptafyrirtækja og þeim boðið að gera athugasemdir við markaðsgreininguna og niðurstöðurnar. Eftirfarandi aðilar sendu inn athugasemdir við frumdrögin: Samkeppniseftirlitið, Síminn hf., Og fjarskipti ehf. (Vodafone), Nova ehf. og IMC Ísland ehf. (IMC). Þann 18. febrúar 2010 efndi PFS til afmarkaðs aukasamráðs vegna tveggja efnislegra breytinga sem stofnunin hafði í hyggju að breyta frá frumdrögunum. Athugasemdir bárust frá Samkeppniseftirlitinu, Símanum, Nova og IMC. Greining á markaði 7 hefur nú verið uppfærð í samræmi við þær athugasemdir sem teknar voru til greina, auk þess sem öll tölfræði hefur verið uppfærð í samræmi við nýjustu tölur.

Með bréfi, dags. 14. júní 2010 tilkynnti PFS formlega til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) drög að ákvörðun um markað 12, ásamt viðaukum, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og tilmæli skv. 7. gr. rammatilskipunarinnar. Með bréfi, dags. 14. júlí s.l. barst PFS álit ESA á framangreindum drögum. Í áliti þessu kemur fram að ESA gerir engar athugasemdir við greininguna eða þær kvaðir sem PFS leggur til vegna markaðar 12.

Uppfærða greiningu á markaði 7 er að finna í viðauka A með bréfi þessu og athugasemdum sem bárust er svarað í viðauka B.

### **1 Útnefning fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk**

Með hliðsjón af skilgreiningu og greiningu á samkeppni á markaði 7 og í samræmi við 2. mgr. 17. gr., sbr. 18. gr. fjarskiptalaga, hefur PFS ákveðið að útnefna Símann hf., Og fjarskipti ehf. (Vodafone), Nova ehf. og IMC Ísland ehf. með umtalsverðan markaðsstyrk á eftirfarandi mörkuðum:

- Lúkning símtala í GSM/UMTS farsímaneti Símans.
- Lúkning símtala í NMT farsímaneti Símans.

- Lúkning símtala í GSM/UMTS farsímaneti Vodafone.
- Lúkning símtala í UMTS farsímaneti Nova.
- Lúkning símtala í GSM farsímaneti IMC<sup>1</sup>.

## 2 Álagning kvaða

Í samræmi við 27. gr. fjarskiptalaga hefur PFS ákveðið að leggja eftirfarandi kvaðir á framangreind fyrirtæki vegna útnefningar fyrirtækjanna með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum. Að mati PFS eru þessar kvaðir bæði í samræmi við þau markmið sem fram koma í ramma- og aðgangstilskipunum ESB og ákvæðum fjarskiptalaga og viðeigandi fyrir það tímabil sem gert er ráð fyrir að líði þar til viðkomandi markaður verður greindur aftur. PFS telur að kvaðirnar séu til þess fallnar að koma í veg fyrir að félögin geti mismunað og haldið uppi of háum lúkningarverðum. Að öðru leyti vísar PFS til markaðsgreiningar á markaði 7, sbr. viðauka A.

### 2.1 Kvaðir á GSM og/eða UMTS farsímanet Símanns, Vodafone, Nova og IMC

PFS hefur ákveðið að leggja eftirfarandi kvaðir á Símann, Vodafone, Nova og IMC<sup>2</sup> varðandi GSM og/eða UMTS farsímanet fyrirtækjanna eins og nánari grein er gerð fyrir hér neðangreindum köflum. Síminn fær á sig kvaðir um aðgang, jafnræði, bókhaldslegan aðskilnað, eftirlit með gjaldskrá og kostnaðarbókhald. Vodafone fær á sig kvaðir um aðgang, jafnræði, bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit með gjaldskrá. Nova og IMC fá á sig kvaðir um aðgang, jafnræði og eftirlit með gjaldskrá.

#### 2.1.1 Kvöð um að veita aðgang að farsímaneti vegna lúkningar símtala

Með heimild í 24. gr. og g-lið 2. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga eru lagðar þær skyldur á Símann, Vodafone, Nova og IMC að semja um samtengingu við fjarskiptafyrirtæki sem bjóða almenna fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet og bjóða upp á lúkningu símtala í GSM og/eða UMTS farsímanetum sínum. Allar nauðsynlegar upplýsingar, sem vanalega koma fram í viðmiðunartilboðum, skulu vera uppi á borðum við samningaviðræður. Samningum skal lokið án tafar og eigi síðar en innan eins mánaðar frá því að óskað var eftir þeim.

Síminn og Vodafone, sem bæði reka farsíma- og fastlínunet, skulu gefa viðsemjendum kost á að tengjast farsímanetunum beint og það skal ekki gert að skilyrði að farsímaumferð fari fyrst í gegnum fastanet fyrirtækjanna.

---

<sup>1</sup> Framselji IMC réttindi eða skyldur sínar til systurfélagsins, Alterna Tel ehf., fylgja kvaðir þær sem lagðar verða á IMC með ákvörðun þessari yfir til Alterna.

<sup>2</sup> Framselji IMC réttindi eða skyldur sínar til systurfélagsins, Alterna Tel ehf., fylgja kvaðir þær sem lagðar verða á IMC með ákvörðun þessari yfir til Alterna.

### **2.1.2 Kvöð um jafnræði**

Með heimild í 30. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann, Vodafone, Nova og IMC að gæta jafnræðis vegna lúkningar símtala í GSM og/eða UMTS farsímanet félaganna úr öðrum farsímanetum og fastanetum. Félögin skulu veita öllum kaupendum á lúkningu símtala í heildsölu þjónustu með sambærilegum skilmálum, verðum og gæðum. Aðgang að netinu skal veita innan sambærilegs tíma. Félögin skulu haga starfsemi sinni með þeim hætti að meðferð upplýsinga sem fram koma við gerð og framkvæmd samtengissamninga sé í samræmi við 26. gr. fjarskiptalaga. Óheimilt er að afhenda öðrum upplýsingar um viðskipti við önnur fyrirtæki um lúkningu símtala, þ.á.m. öðrum deildum fyrirtækisins, tengdum fyrirtækjum eða samstarfsaðilum.

### **2.1.3 Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað**

Með heimild í 31. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann og Vodafone um bókhaldslegan aðskilnað vegna GSM og UMTS farsímaneta. Aðgreiningu í bókhaldi skal háttað með tilliti til tekna, kostnaðar, eigna og skulda fyrir farsímaþjónustu á heildsölu- og smásölustigi. Síminn skal einnig aðgreina milli GSM/UMTS og NMT farsímaneta. Símanum og Vodafone ber að afhenda PFS árlega sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir heildsölu- og smásöluþjónustu farsímaneta ásamt yfirliti yfir skiptingu á óbeinum kostnaði sem ekki er hægt að heimfæra með samanburði við aðra kostnaðarliði. Ofangreind yfirlit þurfa að hafa borist PFS fyrir 1. apríl ár hvert fyrir árið á undan.

### **2.1.4 Kvöð um eftirlit með gjaldskrá**

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann, Vodafone, Nova og IMC að lækka lúkningarverð í GSM/UMTS farsímanet í áföngum frá 1. september 2010 til 1. janúar 2013 þegar lúkningarverð allra félaganna skulu orðin jöfn. Miða skal við kostnaðargreind verð Símans sem gefa nú til kynna að lúkningarverð hagkvæms rekens farsímafyrirtækis skuli vera u.þ.b. 4,0 kr./mín. Samkvæmt því skulu lúkningarverð félaganna nema þeirri fjárhæð þann 1. janúar 2013. Leiði árleg yfirferð PFS á kostnaðargreiningu Símans á viðkomandi markaði til þess að ofangreint verð breytist skal miða við verð samkvæmt nýjustu kostnaðargreiningu hverju sinni. PFS mun því uppfæra verðaðlögunina árlega til samræmis við niðurstöður hinna árlega kostnaðargreininga í kjölfar innanlandssamráðs og samráðs við ESA. Síminn, Vodafone, Nova og IMC skulu lækka lúkningarverð sín í fjórum skrefum eins og sýnt er í neðangreindri töflu.

### Lækkun lúkningarverða í GSM/UMTS farsímanetum fram til 1. janúar 2013

Fyrirtæki	Eining	Verð frá ákvörðun	Verð frá 1.9.2010	Verð frá 1.1.2011	Verð frá 1.1.2012	Verð frá 1.1.2013
Síminn	kr./mín.	7,49	6,5	5,5	4,5	4,0
Vodafone	kr./mín.	7,49	6,5	5,5	4,5	4,0
Nova	kr./mín.	12,0	10,3	8,3	6,3	4,0
IMC/Alterná	kr./mín.	12,0 <sup>3</sup>	10,3	8,3	6,3	4,0

Um er að ræða hámarks heildsöluverð á mínútu án virðisaukaskatts og geta einstök farsímafyrirtæki því boðið lægri lúkningarverð fyrir en að ofan greinir kjósi þau svo. Tengigjald Nova 0,6 kr. og IMC 0,7 kr. lækkar jafnframt í 0 kr. við fyrstu lækkun þann 1. september 2010.

Ef engin fylgni verður milli þróunar heildsölu- og smásöluverðs á líftíma ákvörðunar þessarar, þrátt fyrir verulega lækkun lúkningargjalda, telur PFS einsýnt að stofnunin þurfi að beita smásölukvöðum, sbr. 2. mgr. 27. gr. fjarskiptalaga.

#### 2.1.5 Kvöð um kostnaðarbókhald

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann um kostnaðarbókhald. Símann skal skila PFS kostnaðargreiningu fyrir 1. júlí ár hvert, miðað við rekstrartölur næstliðins árs. Símanum ber að skila kostnaðargreiningu næst fyrir 1. júlí 2011. Kostnaðarbókhald skal fanga, bera kennsl á, meta og dreifa viðkomandi kostnaði á þjónustur eða vörur í samræmi við viðurkenndar reglur, þ.e. orsakasamhengi. Þá skal Símann skila PFS skýrslu frá óháðum endurskoðunaraðila um að samræmi sé milli lýsingar Símans á kostnaðarbókhaldinu til PFS hvernig kostnaði er skipt og útfærslu í kostnaðarbókhaldskerfi félagsins.

Símann hefur útfært LRAIC kostnaðarlíkan, sem byggir á sögulegum kostnaði við útreikninga á kostnaði fyrir lúkningu (top-down model), sem lagt hefur verið fyrir PFS. PFS telur að vegna kostnaðar og mikillar fyrirhafnar sem myndi skapast bæði hjá Símanum og PFS ef ráðist væri í gerð hreins LRIC líkans (bottom-up model), þá sé að svo stöddu ekki rétt að mæla fyrir um gerð slíks líkans. Því er Símanum heimilt að byggja á sögulegum kostnaði í þeim tilgangi að setja inn í líkanið. Ef sú aðferð sem PFS mælir hér fyrir um varðandi verðstýringu skila ekki fullnægjandi árangri og lúkningarverð hér á landi verða á næstu

<sup>3</sup> Lúkningarverð IMC er 12 kr. gagnvart öðrum en Símanum. Lúkningarverð gagnvart Símanum er 7,49 kr. vegna símtala sem eiga sér upphaf í talsímaneti og/eða NMT neti Símans, en símtöl úr farsímaneti Símans sem enda í kerfi IMC eru verðlögð eins og um sé að ræða innankerfissímtöl í farsímaneti Símans, þ.e. upphaf og lúkning símtals er verðlagður á 6,53 kr.

missisum há miðað við verð á sambærilegum mörkuðum þá áskilur PFS sér rétt til þess að krefjast þess að gert verði LRIC líkan áður en áætlaður gildistími ákvörðunarinnar er liðinn.

## **2.2 Kvaðir á NMT farsímanet Símans**

PFS hefur ákveðið að leggja neðangreindar kvaðir á Símann varðandi NMT farsímanet félagsins.

### **2.2.1 Kvöð um að veita aðgang að NMT farsímaneti vegna lúknings símtala**

Með heimild í 24. gr. og g-lið 28. gr. fjarskiptalaga eru lagðar skyldur á Símann að semja um samtengingu við fjarskiptafyrirtæki sem bjóða almenna fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet og bjóða upp á lúkningu símtala í NMT farsímaneti sínu. Samningum skal lokið án tafar og eigi síðar en innan eins mánaðar frá því að óskað var eftir þeim.

### **2.2.2 Kvöð um jafnræði**

Með heimild í 30. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann að gæta jafnræðis vegna lúknings símtala í NMT farsímanet félagsins úr öðrum farsímanetum og fastanetum. Síminn skal veita öllum kaupendum á lúkningu símtala þjónustu með sambærilegum skilmálum, verðum og gæðum. Síminn skal haga starfsemi sinni með þeim hætti að meðferð upplýsinga sem fram koma við gerð og framkvæmd samtengisamninga sé í samræmi við 26. gr. fjarskiptalaga. Óheimilt er að afhenda öðrum upplýsingar um viðskipti við önnur fyrirtæki um lúkningu símtala, þ.á.m. öðrum deildum fyrirtækisins, tengdum fyrirtækjum eða samstarfsaðilum.

### **2.2.3 Kvöð um eftirlit með gjaldskrá**

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga hefur PFS ákveðið að leggja skyldu á Símann að bjóða ekki hærri verð fyrir lúkningu á símtölum í NMT farsímanet en voru í gildi samkvæmt gjaldskrá þann 31. desember 2005, þ.e. 14,4 kr. á dagtaxta og 13 kr. á kvöldtaxta og 0,68 kr. tengigjald.

## **3 Gildistaka ákvörðunar og kæruleið**

Ákvörðun þessi tekur gildi frá þeim degi sem hún er birt og verður í gildi þar til annað er ákveðið af Póst og fjarskiptastofnun.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 16. júlí 2010

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Óskar H. Ragnarsson

Meðfylgjandi:

Viðauki A – Greining á markaði 7.

Viðauki B – Athugasemdir hagsmunaaðila og niðurstöður úr samráði vegna greiningar á markaði 7.

Viðauki C - Álit ESA